

**STJÓRNARFUNDUR HÓTEL BLÖNDUÓSI
ÞRIÐJUDAGINN 10. NÓVEMBER 2009 KL 12:30.**

Þriðjudaginn 10. nóvember kom stjórn SSNV saman til fundar á Hótel Blönduósi. Mætt voru: Elín R. Líndal, Björn Magnússon, Ágúst Þór Bragason, Páll Dagbjartsson, Þórdís Friðbjörnsdóttir og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður Elín R. Líndal setti fund og stjórnaði.

1. **9 mánaða rekstaryfirlit eininga SSNV.** Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir rekstur SSNV, SSNV málefna fatlaðra og SSNV atvinnuþróunar fyrstu 9 mánuði ársins 2009 og skýrði einstaka liði. Rekstur eininganna er að mestu í samræmi við áætlanir.
2. **SSNV atvinnuþróun**
 - a. **Verkefnayfirlit atvinnuráðgjafa í október.** Framkvæmdastjóri lagði fram verkefnayfirlit atvinnuráðgjafa í október 2009 og skýrði einstaka verkefni.
 - b. **Alþjóðleg athafnavika – Viðurðir á Norðurlandi vestra.** Lagt fram minnisblað Katrínar Marínu Andrésdóttur atvinnuráðgjafa um dagskrá sem stoðkerfi atvinnulífsins á Norðurlandi vestra mun standa fyrir í Alþjóðlegu athafnavikunni 16.-20. Nóvember 2009. Stjórn fagnar framtakinu og samþykkir þátttöku SSNV atvinnuþróunar í viðburðinum.
3. **Sóknaráætlun landshluta – staða mála.** Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi vinnu við Sóknaráætlun Norðurlands vestra. Umræður urðu um áætlunina og næstu skref.
4. **Open days 2009 – samantekt ferðar og heimaviðburður.** Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað vegna þeirra funda sem hann sótti á Open days 5.-8. október 2009. Í tengslum við Open days þá er landshlutasamtökunum í NV kjördæmi skylt að halda heimaviðburð. Upphaflega var lagt upp með að tengja heimaráðstefnu orkumálum en nú er verið að athuga með breytingar og tengja heimaviðburðinn Evrópumálum. Í skoðun er að tengja fundinn kynningu á byggðastefnu, landbúnaðar- og sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. Stjórn SSNV gerir ekki athugasemdir við breytingar á efnistöðum heimaviðburðar og felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram í samvinnu við SSV og FV.
5. **Fundur sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi vestra þann 4. nóvember 2009 – minnisblað fundar.** Lögð fram samantekt fundarins. Umræður urðu um fundinn og þau sjónarmið sem þar komu fram.
6. **Fundur formanns og framkvæmdastjóra með Samgöngu og sveitarstjórnarmálaráðherra 2. nóvember 2009.** Formaður og framkvæmdastjóri ræddu fund þeirra og Samgöngu og sveitarstjórnarráðherra sem fram fór þann 2. nóvember s.l.
7. **Ályktanir 32. aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum.** Lagt fram til kynningar.
8. **Fundargerð 768. fundar stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga.** Lagt fram til kynningar.
9. **Bréf Snorraverkefnisins.** Í bréfinu er óskað fjárstuðnings við verkefnið á árinu 2010. Stjórn hafnar erindinu.
10. **Umsagnir um lagafrumvörp**
 - a. **Frumvarp til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.**
 - b. **Frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt.**



Framkvæmdastjóra falið að veita umsögn í samræmi við umræður á fundinum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 14:45.
Jón Óskar Pétursson fundarritari

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.